



HÁSKÓLI ÍSLANDS

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

TANNLÆKNADEILD

TIL NEMENDA Á 1. NÁMSÁRI Í TANNLÆKNADEILD

júlí/ágúst 2017

Kæri tannlæknanemi / tannsmíðanemi.

Hér koma ýmsar upplýsingar varðandi fyrirhugað nám þitt á 1. ári í Tannlæknadeild. Einnig er bent á reglur um val stúdenta til tannlæknánáms/tannsmíðanáms á heimasíðunni

<http://www.hi.is/tannlaeknadeild/inntokuskilyrði> Prófatímabilið á haustmisseri er 4. – 18. desember 2017.

Samkvæmt nýlegum reglum um val nemenda til náms í tannlæknisfræði og tannsmíði eru sjúkrapróf ekki haldin í samkeppnisprófum. Einnig er bent á að notkun upptökutækja í fyrirlestrum þeirra námskeiða sem prófað er í í samkeppnisprófum er ekki heimil.

Kennsla hefst almennt í Tannlæknadeild samkvæmt stundaskrá mánudaginn 28. ágúst 2017, en fimmtudaginn 24. ágúst kl. 15:00 verður **kynningarfundur fyrir nýnema** á vegum Bjarna Elvars Pjeturssonar forseta Tannlæknadeildar. Jafnframt verður kynning á kennslu í formfræði tanna. Kynningarfundurinn fer fram í fyrirlestrarsal Tannlæknadeildar (stofa 201) sem er strax til vinstri þegar komið er í anddyri Læknagarðs. Kennsla í LÆK112G alm. líffræði hefst mánudaginn 28. ágúst kl. **09:10** í stofu 201 í Læknagarði. Kennsla í EFN106G efnifræði hefst mánudaginn 21. ágúst kl. 15.00 samkvæmt stundaskrá (sjá heimasíðu Tannlæknadeildar og Raunvísindadeildar).

ATH. að upphaf kennslu í TAN108G Inngangi að tannlæknisfræði verður auglýst síðar. Athugið að ekki er próf í þessu námskeiði en þess í stað mætingaskylda. 100% mæting samkvæmt viðveruskrá er forsenda þess að hafa staðist námskeiðið.

Á forsíðu Háskólans (hi.is) má sjá kort af háskólasvæðinu þar sem hús Háskólans eru merkt.

Gert er ráð fyrir að kennslubækur verði þær sömu og tilkynnt er um í kennsluskrá en nánari upplýsingar gefa viðkomandi kennarar.

Varðandi prófnúmer - nemendanúmer:

Í samkeppnisprófum í Tannlæknadeild eru notuð prófnúmer-nemendanúmer. **Það er á ykkar ábyrgð að tileinka ykkur prófnúmer – nemendanúmer.**

Hvernig nálgast þú prófnúmer - nemendanúmer þitt?

Eftir skráningu og greiðslu skólagjalda fáir þið **veflykil** sem þið notið til að fá aðgang að **Uglunni** (innra neti nemenda og starfsmanna Háskóla Íslands). Jafnframt fáir þið útlutað **hi-netfangi** sem ég vil biðja ykkur um að nota og fylgjast með pósti sem ykkur berst. Eftir að þið hafið skráð ykkur í Ugluna, sjáið þið skráningarstöðu ykkar og prófnúmer – nemendanúmer. Ef þið lendið í vandræðum með veflykilinn, er best að snúa sér til þjónustuborðs á Háskólatorgi.

Einkunn:

- Nemendur fá hefðbundna námundaða einkunn í heilum og hálfum tölum (með einum aukastaf) fyrir hverja grein fyrir sig, sem færast í nemendaskráningu. Tölvuútskrift, sem sýnir aðaleinkunn með tveimur aukastöfum, verður hins vegar opinber niðurstaða samkeppnisprófa, þó hún verði ekki sérstaklega skráð hjá nemendaskráningu sem slík.
- Hver kennari semur og ber ábyrgð á prófi í sinni grein.

Stundaskrár:

- Drög að stundaskrár fyrir haustmisseri 2017 eru á heimasíðu Tannlæknadeildar. Athugið að hér er um drög að ræða, sem geta breyst. Breytingar, ef einhverjar verða, eru settar jafnóðum inn á heimasíðuna.

Með bestu kveðjum,

Guðrún Ívars

deildarstjóri Tannlæknadeildar